

Kristín R. Sigurðardóttir

hóf tónlistarnám sitt hjá Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar, en lauk 8.stigs söngprófi frá Söngskólanum í Reykjavík 1993. Kennari hennar var Ragnheiður Guðmundsdóttir. Á árunum 1993-1996 nam Kristín óperusöng á Ítalíu hjá Rinu Maltrasi. Vorið 2001 lauk hún söngkennaraprófi frá Söngskólanum í Reykjavík, þar sem hún naut tilsagnar Þuríðar Pálsdóttur. Kristín tók þátt í óperustúdíói á vegum óperuhússins í Rovigo á Ítalíu'97 og einnig á vegum óperuhússins í Búdapest í Majk 2001. Önnur námsskeið hefur hún sótt, m.a. hjá Virginíu Zeanni, Andrei Orlovitz, Martín Isepp Mariu Teresu Uribe og Kristjáni Jóhannssyni. Kristín hefur sungið opinberlega á Ítalíu, í Ungverjalandi, Tékklandi, Austurríki, Kanada og hér heima á Íslandi. Hún hefur sungið hlutverk Bertu í Rakaranum frá Sevilla, hlutverk Greifynjunnar í Brúðkaupi Figarós, Fiordiligi í Cosi fan tutte og hlutverk Donnu Önnu í Don Giovanni hjá óperustúdíói Austurlands. Auk þess hefur Kristín komið víða fram sem einsöngvari í ýmsum messum og óratoríum með kórum, sungið ásamt Sinfóníuhljómsveit áhugamanna og ýmsum hljómsveitum og kammerhópum. Kristín starfar sem einsöngvari og kennir söng við Söngskóla Sigurðar Demetz.

Hólmfríður Jóhannesdóttir mezzósópran  
Hólmfríður Jóhannesdóttir mezzósópran er fædd og uppalin í Vesturbænum í Reykjavík. Árið 1996 lauk hún einsöngvaraprófi frá Franz Schubert konservatorium í Vín. 1996-1999 stundaði Hólmfríður nám í söng og leiklist í Vín og Milánó en hún stundaði einnig tungumálanám á Ítalíu. Árið 2002 lauk hún Burtfararprófi frá Söngskólanum í Reykjavík. Árið 2003 lauk hún lokaprófi í kennslufræði frá The Royal Akademi of Musik in London. Árið 2005-2006 var Hólmfríður tónlistar og veislustjóri Listasafns Íslands og árin 2006-2008 var Hólmfríður skólastjóri söngskólans Anima og söngkennari, auk þess að vera framkvæmdastjóri Anima galleris. Hólmfríður er nýflutt heim frá Vín í Austurríki en þar hefur hún búið síðastliðin tvö ár þar sem hún starfaði með ferðaóperu og söng Hans í barnaóperunni Hans og Gréta eftir Humperdinck í Austurríki og í Þýskalandi. Hólmfríður kom einnig fram á fjölda Galatónleikum í Vín ásamt bassasöngvurum. Hún hefur einnig sungið víða í Evrópu. Hólmfríður starfar nú sem einsöngvari og er tónmenntakennari Landakotsskóla og kórstjóri.

Julian Michael Hewlett píanóleikari

lauk námi í tónlist og bókmenntum frá University of Kent í Centerbury á Englandi 1988. Aðalnámsgreinar hans voru tónsköpun og píanóleikur. Julian flutti til Íslands sama ár og hóf kennslu við tónlistarskólann á Skagaströnd og á Blönduósi og síðar á Egilsstöðum. Hann starfaði einnig sem organisti og stjórnandi ýmissa kóra. Eftir þetta hefur hann starfað sem tónlistarkennari, organisti, stjórnandi og meðleikari í Reykjavík. Meðfram þessu hefur Julian starfað sem tónskáld og gefið út bækur með eigin vekum, þar með orgelverk, píanóverk, kóraverk og hljómsveitarverk. Flutt hafa verið ýmis verk eftir hann t.d. Jólakantatan "Sjá himins opnast hlið" og 4 orgelsvitur. Tónlist hans hefur verið flutt í Kanada, Englandi og Íslandi. Julian spilar á ýms hljóðfæri auk píanósins, s.s. orgel, fiðlu, selló og fl.

## Efnisskrá:

### 1. Dúett Hólmfríður og Kristín

„Barcarola; Belle nuit“.

*Les contes d'Hoffmann. Offenbach*

### 2. Aría Hólmfríður

„Chacun a son gout“ (Prins Orlofsky)

*Die Fledermouse. J. Strauss*

### 3. Aría Kristín Ragnhildur

„Mein Herr Marquis“ (Adele)

*Die Fledermouse. J. Strauss*

### 4. Aría Hólmfríður

(Habanera) „L'amour est un oiseau rebelle“

*Carmen.*

*G. Bizet*

5. *Aría Kristín Ragnhildur*

„*Chi il bel sogno*“ (*Arteta*)

*La Rondine.*      *G. Puccini*

6. *Dúett Hólmfríður og Kristín*

„*Dome épais*“

*Lakmé.*      *Delibes*

7. *Aría Hólmfríður*

„*Va! Laisse couler mes Larmes*“ (*Charlotte*)

*Werther.*      *J. Massenet*

8. *Aría Kristín Ragnhildur*

„*Un bel di vedremo*“ (*M. Butterfly*)

*Madam Butterfly*      *G. Puccini*

9. *Aría Hólmfríður*

„*Mon cœur s'ouvre à ta voix*“ (*Dafía*)

*Samson et Dafía*      *Saint-Saëns*

10. *Aría. Kristín Ragnhildur*

„*Al dolce guidami*“ (*Anna Bolena*)

*Anna Bolena*      *G. Donizetti*

11. *Dúett Hólmfríður og Kristín*

„*Suse liebe Suse*“ (*Hans og Gréta*)

*Hans og Gréta*      *E. Humperdinck*